Nr. 199 11. febrúar 2016

# GJALDSKRÁ

**fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.**

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, efnalögum nr. 61/2013, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli og með reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

| | |
|---|---|
| Tímagjald | kr. 11.600 |
| Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun | kr. 16.000 |
| Tóbaksleyfisgjald | kr. 16.000 |

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin fjögur ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin fjögur ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin fjögur ár, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald<br>og auglýsingakostnaður ef við á. | eitt og hálft tímagjald |

Ný starfsemi:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald<br>og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks<br>ásamt auglýsingakostnaði ef við á. | eitt og hálft tímagjald |

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald<br>og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings,<br>ferðar, úttektar og frágangs,ásamt auglýsingakostnaði ef við á. | eitt og hálft tímagjald |

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 15 dögum eftir útgáfudag reiknings.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum greiðist eitt tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni og önnur sérstök verkefni greiðist samkvæmt reikningi. Fyrir húsaskoðun á íbúðum, með einföldu mati á myglu, greiðist eitt tímagjald.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

Matvælafyrirtæki sem Matvælastofnun hefur framselt eftirlit með til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra samkvæmt samningi, skulu greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra innheimtir gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Ef raunkostnaður við rannsókn skv. reikningi frá rannsóknarstofu er hærri en sem nemur gjaldi heilbrigðiseftirlits fyrir rannsókn skal innheimta raunkostnað að viðbættu umsýslugjaldi.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A.

8. gr.

Heilbrigðiseftirilt Norðurlands vestra innheimtir öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari og sbr. fylgiskjal sem birt er með gjaldskránni. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjalddagi gjalds samkvæmt 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 15 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, samkvæmt 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla laga um matvæli nr. 93/1995 og öðlast gjaldskráin gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 54/2015 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Norðurlands vestra.

*Sauðárkróki, 11. febrúar 2016.*

F.h. heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis vestra,

**Sigurjón Þórðarson** framkvæmdastjóri.

# VIÐAUKI A

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni – eftirlit/ár | Eftirlitsgj. kr. |
|---|---|---|---|
| 01.24.01.1 | Alifuglarækt | 1 | 37.700 |
| 52.25.0.0 | Áfengisverslun | 0,5 | 23.200 |
| 90.00.0.9 | Áhaldahús sveitarfélagsins | 0,5 | 29.000 |
| 15.81.0.2 | Bakarí, lítið | 1 | 37.700 |
| 15.81.0.3 | Bakarí, miðlungs | 2 | 75.400 |
| 15.81.0.4 | Bakarí, stórt | 2 | 98.600 |
| 50.20.0.1 | Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið ( 1-2 starfsmenn) | 0,5 | 17.400 |
| 50.20.0.2 | Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs | 1 | 29.000 |
| 50.20.0.3 | Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt | 1 | 46.400 |
| 50.20.0.7 | Bifreiðasprautun | 0,5 | 20.300 |
| 71.10.0.1 | Bílaleiga | 0,25 | 10.150 |
| 15.96.0.0 | Bjórgerð | 1 | 52.200 |
| 15.96.0.1 | Bjórgerð, lítil, ekki samfelld starfsemi | 0,5 | 20.300 |
| 28.52.0.1 | Blikksmíði | 0,50 | 20.300 |
| 50.20.0.10 | Bón- og bílaþvottur, handvirkur | 0,25 | 7.250 |
| 15.81.0.0 | Brauðgerð, kleinur o.fl. | 0,5 | 14.500 |
| 85.32.1.1 | Dagmömmur með > 6 börn | 0,25 | 7.250 |
| 85.11.4.1 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil | 1 | 63.800 |
| 85.11.4.3 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi | 1 | 98.600 |
| 92.53.0.1 | Dýragarður | 0,5 | 15.950 |
| 93.01.0.2 | Efnalaugar | 0,5 | 17.400 |
| 50.50.0.0 | Eldsneytisstöðvar, | 1 | 40.600 |
| 50.50.0.1 | Eldsneytisstöðvar, sjálfvirkar | 0,5 | 18.850 |
| 37.20.0.1 | Endurnýting úrgangs | 1,00 | 46.400 |
| 75.23.0.1 | Fangaklefar | 1 | 31.900 |
| 85.32.6.2 | Félagsheimili með eldhúsi | 1 | 40.600 |
| 85.32.6.1 | Félagsheimili með eldhúsi, lítil | 0,5 | 17.400 |
| 52.23.0.4 | Fiskbúðir án vinnslu, litlar | 1 | 29.000 |
| 05.02.1.1 | Fiskeldi, lítið | 0,5 | 23.200 |
| 05.02.1.3 | Fiskeldisstöðvar | 1 | 46.400 |
| 15.20.7.1 | Fiskimjölsverksmiðja < 20 tonn á sólarhring | 1 | 46.400 |
| 55.21.0.1 | Fjallaskálar, minni | 0,25 | 7.250 |
| 63.23.0.2 | Flugvellir | 0,5 | 21.750 |
| 26.61.0.0 | Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 1,00 | 46.400 |
| 15.71.1.0 | Framleiðsla á dýrafóðri | 1 | 43.500 |
| 15.20.7.0 | Framleiðsla á Kítín og kítósan | 1 | 98.600 |
| 15.61.0 | Framleiðsla á kornvörum og pökkun | 1 | 46.400 |
| 25.22.0.0 | Framleiðsla á umbúðaplasti og efnum sem koma í snertingu við matvæli | 1,00 | 34.800 |
| 25.22.0.1 | Framleiðsla á umbúðum og efnum sem koma í snertingu við matvæli, lítil | 0,5 | 17.400 |
| 26.13.0 | Framleiðsla gleríláta | 0,50 | 20.300 |
| 15.71.1.1 | Framleiðsla gæludýrafóðurs lítil | 0,2 | 5.800 |
| 26.63.0.1 | Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu lítil | 0,5 | 17.400 |
| 15.89.00 | Framleiðsla annarra matvæla | 1 | 49.300 |
| 80.22.0.0 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám/heimavist | 1 | 69.600 |
| 80.21.0.2 | Fræðslustarfsemi með mötuneyti, lítil | 1 | 58.000 |
| 80.21.0.3 | Fræðslustarfsemi með mötuneyti, stór | 1 | 81.200 |
| 80.21.0.1 | Fræðslustarfsemi/skólar, án mötuneytis | 1 | 34.800 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni – eftirlit/ár | Eftirlitsgj. kr. |
|---|---|---|---|
| 24.20.0.1 | Garðaúðun | 0,25 | 10.150 |
| 90.00.0.4 | Gámastöð – stærri flokkun | 1 | 46.400 |
| 90.00.0.41 | Gámavöllur, móttaka úrgangs, lítill | 0,5 | 23.200 |
| 55.12.0.1 | Gistiskálar og gistiheimili án veitingasölu, lítil, allt að 16 gestir | 0,5 | 17.400 |
| 55.12.0.2 | Gististaðir án veitingasölu, 17-49 gestir | 1 | 40.600 |
| 55.12.0.3 | Gististaðir án veitingasölu, 50 + gestir | 1 | 58.000 |
| 55.11.0.3 | Gististaðir með veitingasölu, 100 + gestir | 2 | 139.200 |
| 55.11.0.1 | Gististaðir með veitingasölu, 17-49 gestir | 1 | 81.200 |
| 55.11.0.2 | Gististaðir með veitingasölu, 50-100 gestir | 2 | 116.000 |
| 14.21.0.0 | Grjót-, malar- og sandnám | 1 | 43.500 |
| 25.13.0.1 | Gúmmívinnsla | 0,33 | 9.570 |
| 85.32.2.3 | Gæsluvellir | 0,25 | 7.250 |
| 93.02.0.0 | Hárgreiðslu- og snyrtistofur | 0,5 | 21.750 |
| 93.02.0.1 | Hárgreiðslustofur | 0,5 | 17.400 |
| 85.11.1.3 | Heilbrigðisstofnun, með fullbúnu eldhúsi | 2 | 139.200 |
| 51.44.2.0 | Heildverslun með hreingerningarefni | 0,5 | 17.400 |
| 51.31.0.1 | Heildverslun með matvæli, hreingerningaefni o.fl., lítil | 0,5 | 14.500 |
| 85.12.1.1 | Heilsugæslustöðvar, litlar | 1 | 29.000 |
| 92.62.0.1 | Hestaleigur og reiðskólar | 0,5 | 14.500 |
| 80.10.0.5 | Hestamiðstöð | 0,5 | 14.500 |
| 50.20.0.15 | Hjólbarðaverkstæði | 0,5 | 14.500 |
| 85.14.94 | Húðflúrstofa | 0,5 | 17.400 |
| 92.61.0.4 | Íþróttahús, lítil | 1 | 29.000 |
| 92.61.0.5 | Íþróttahús, miðlungs | 1 | 40.600 |
| 92.61.0.6 | Íþróttahús, stór | 1 | 46.400 |
| 92.61.0.8 | Íþróttamiðstöðvar með sundlaug | 2 | 110.200 |
| 92.61.0.7 | Íþróttavellir | 0,5 | 20.300 |
| 37.20.0.2 | Jarðboranir | 1,00 | 46.400 |
| 55.40.0.3 | Kaffisala (kaffi og kökur) – sumaropið | 0,5 | 14.500 |
| 91.31.1.1 | Kirkjur | 0,25 | 7.250 |
| 15.13.0.5 | Kjötvinnsla miðlungs með reykingu – mengun | 1 | 37.700 |
| 15.13.0.1 | Kjötvinnsla, lítil | 1 | 31.900 |
| 55.40.0.2 | Krár, kaffihús, án matsölu | 1 | 43.500 |
| 55.40.0.4 | Krár, kaffihús, einfaldar veitingar og gisting | 1 | 52.200 |
| 55.40.0.1 | Krár, kaffihús með matsölu | 1 | 87.000 |
| 15.87.0.1 | Krydd- og bragðefnavinnsla, lítil | 1 | 37.700 |
| 15.87.0.2 | Krydd- og bragðefnavinnsla, miðlungs | 2 | 75.400 |
| 15.87.0.3 | Krydd- og bragðefnavinnsla, stór | 2 | 98.600 |
| 15.20.8.0 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta | 1 | 46.400 |
| 15.20.8.1 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, lítil | 1 | 29.000 |
| 38.21.00 | Landmótun með óvirkum úrgangi | 0,33 | 11.484 |
| 19.10.0.1 | Leðurvinnsla | 0,5 | 29.000 |
| 85.32.2.2 | Leikskólar með eldhúsi | 1 | 63.800 |
| 85.32.2.1 | Leikskólar með móttökueldhúsi, | 1 | 46.400 |
| 26.21.0.1 | Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtak ofns < 4 $m^3$ | 0,50 | 20.300 |
| 93.04.0.1 | Líkamsræktarstöðvar, litlar | 1 | 34.800 |
| 01.25.2.0 | Loðdýrabú, lítið | 0,5 | 18.850 |
| 01.25.2.1 | Loðdýrabú, stórt | 1 | 43.500 |

| ÍSAT-<br>númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni –<br>eftirlit/ár | Eftirlitsgj.<br>kr. |
|---|---|---|---|
| 55.30.1.1 | Matsölustaðir, litlir | 1 | 66.700 |
| 55.30.1.2 | Matsölustaðir, miðlungs | 1 | 87.000 |
| 55.30.1.3 | Matsölustaðir, stórir | 1 | 98.600 |
| 52.11.2.4 | Matvöruverslun án vinnslu, lítil | 1 | 58.000 |
| 52.11.2.5 | Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs | 2 | 87.000 |
| 52.11.2.6 | Matvöruverslun án vinnslu, stór | 3 | 139.200 |
| 52.11.2.1 | Matvöruverslun með vinnslu | 2 | 98.600 |
| 52.11.2.3 | Matvöruverslun með vinnslu, stór | 2 | 127.600 |
| 20.30.9.5 | Málningaraðstaða | 0,25 | 7.250 |
| 85.31.1.0 | Meðferðarheimili fyrir börn og unglinga | 1 | 43.500 |
| 15.61.0.2 | Meðhöndlun og framleiðsla á kornvörum | 1 | 37.700 |
| 20.20.0.1 | Meindýravarnir | 0,25 | 10.150 |
| 15.51.0.1 | Mjólkurbú | 2 | 69.600 |
| 15.51.0.0 | Mjólkurbú og ostagerð | 2 | 127.600 |
| 51.57.02 | Móttaka brotamálms | 1 | 40.600 |
| 38.22.00 | Móttaka og meðhöndlun á seyru | 0,50 | 17.400 |
| 51.57.03 | Móttaka úrgangs til endurvinnslu | 1 | 49.300 |
| 55.51.0.1 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið | 1 | 46.400 |
| 55.51.0.2 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs | 2 | 63.800 |
| 55.51.0.3 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt | 2 | 92.800 |
| 51.57.01 | Niðurrif bifreiða | 1 | 34.800 |
| 43.11.00 | Niðurrif bygginga og undirbúningur byggingasvæðis | 1 | 37.700 |
| 93.04.0.9 | Nuddstofur | 0,5 | 14.500 |
| 26.82.9.1 | Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu | 1 | 43.500 |
| 26.82.9.2 | Olíumalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu | 1 | 58.000 |
| 15.51.0.2 | Ostagerð | 2 | 58.000 |
| 15.51.0.3 | Ostagerð lítil ekki samfelld starfsemi | 0,5 | 20.300 |
| 25.21.0.1 | Plastiðnaður, stór | 1,00 | 46.400 |
| 25.20.00 | Plastvöruframleiðsla | 0,50 | 31.900 |
| 22.22.9.1 | Prentiðnaður, lítill | 0,33 | 9.570 |
| 22.22.9.2 | Prentiðnaður, miðlungs | 0,5 | 31.900 |
| 22.22.9.3 | Prentiðnaður, stór | 1 | 49.300 |
| 31.62.0.1 | Rafvélaverkstæði | 0,25 | 8.700 |
| 72.11.00 | Rannsóknarstarfsemi | 0,25 | 10.150 |
| 80.10.0.6 | Reiðhöll – sýningarstarfsemi | 1 | 40.600 |
| 92.13 | Rekstur kvikmyndahúsa | 0,5 | 18.850 |
| 55.52.0.1 | Sala á tilbúnum mat, lítil | 1 | 29.000 |
| 52.49.9.4 | Sala eiturefna og hættulegra efna | 1 | 29.000 |
| 15.33.0.2 | Salatgerð | 2 | 92.800 |
| 85.31.4.0 | Sambýli með heimiliseldhúsi | 0,5 | 21.750 |
| 15.33.0.4 | Samlokugerð, lítil | 0,5 | 20.300 |
| 24.51.31 | Sápu- og kremframleiðsla | 0,25 | 7.975 |
| 85.14.1.1 | Sjúkraþjálfun | 0,5 | 14.500 |
| 55.30.2.1 | Skemmtistaðir án matsölu | 1 | 55.100 |
| 55.30.2.0 | Skemmtistaðir með matsölu | 1 | 87.000 |
| 92.72.0.1 | Skotvellir | 0,25 | 7.250 |
| 85.32.3 | Skóladagheimili | 1 | 46.400 |
| 90.00.0.3 | Skólphreinsistöðvar | 1 | 29.000 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni – eftirlit/ár | Eftirlitsgj. kr. |
|---|---|---|---|
| 26.12.0.0 | Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri | 0,25 | 6.525 |
| 55.30.1.4 | Skyndibitastaðir, litlir | 1 | 40.600 |
| 15.11.0.2 | Sláturhús, lítil | 1 | 43.500 |
| 15.11.0.1 | Sláturhús, miðlungs | 1 | 43.500 |
| 15.11.0.0 | Sláturhús, stór | 2 | 87.000 |
| 93.02.0.2 | Snyrtistofur | 0,5 | 17.400 |
| 90.00.0.7 | Sorpflutningar og sorphirða | 1 | 58.000 |
| 93.04.0.7 | Sólbaðsstofur | 1 | 29.000 |
| 40.10.0.1 | Spennistöðvar – aðveitustöðvar | 0,50 | 17.400 |
| 93.21.0.0 | Starfsemi skemmti- og þemagarða | 1 | 29.000 |
| 55.14.0.1 | Starfsmannabúðir < 16 manns | 1 | 46.400 |
| 55.14.0.2 | Starfsmannabúðir, 17-50 manns | 1 | 52.200 |
| 14.21.0.1 | Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum | 1 | 43.500 |
| 15.33.0.1 | Sultu- og ávaxtagrautargerð | 2 | 81.200 |
| 80.10.0.4 | Sumarbúðir | 1 | 43.500 |
| 92.61.0.1 | Sundstaðir, litlir, með sýni | 1 | 40.600 |
| 92.61.0.2 | Sundstaðir, miðlungs, með sýnum | 1 | 63.800 |
| 01.23.0.2 | Svínarækt > 2.000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur | 2 | 71.920 |
| 01.23.0.1 | Svínarækt < 2.000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur | 1 | 37.700 |
| 85.33.6.3 | Söfn | 0,5 | 14.500 |
| 52.11.3.1 | Söluturnar án óvarinna matvæla | 0,5 | 14.500 |
| 52.11.3.2 | Söluturnar með óvarin matvæli | 1 | 31.900 |
| 85.13.1.1 | Tannlæknastofur | 0,33 | 11.484 |
| 55.22.0.1 | Tjaldstæði | 0,5 | 17.400 |
| 55.22.0.2 | Tjaldstæði, orlofshúsasvæði með smáhýsum | 1 | 46.400 |
| 80.42.2.0 | Tónlistarskólar | 0,25 | 8.700 |
| 20.30.9.4 | Trésmíðaaðstaða | 0,5 | 14.500 |
| 20.30.9.2 | Trésmíðaverkstæði án lökkunar | 0,5 | 31.900 |
| 20.30.9.3 | Trésmíðaverkstæði, lítið (1-2 starfsmenn) | 0,5 | 14.500 |
| 20.30.9.1 | Trésmíðaverkstæði með lökkun | 0,5 | 43.500 |
| 17.10.0.1 | Ullarþvottastöð | 2 | 150.800 |
| 80.10.0.7 | Útihátíð | 1 | 29.000 |
| 55.12.04 | Útleiga stakra sumarhúsa/íbúðarhúsnæðis | 0,33 | 13.398 |
| 41.00.0.5 | Vatnsveitur, 2.000-5.000 íbúa, með örverusýnum | 5 | 501.000 |
| 41.00.0.6 | Vatnsveitur, 500-2.000 íbúa, með örverusýnum | 2 | 122.000 |
| 41.00.0.8 | Vatnsveitur, einka m/matvælavinnslu | 0,5 | 18.850 |
| 41.00.0.7 | Vatnsveitur, færri íbúar en 500, með örverusýni | 1 | 45.000 |
| 55.30.1.7 | Veitingavagnar | 0,25 | 10.150 |
| 50.20.0.14 | Verkstæði fyrirtækja | 0,5 | 18.850 |
| 29.11.0.0 | Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði | 1,00 | 34.800 |
| 50.20.0.13 | Viðgerðaraðstaða | 0,25 | 10.150 |
| 15.20.6.1 | Vinnsla á fiski, lítil | 0,5 | 14.500 |
| 15.20.6.2 | Vinnsla á fiski, miðlungs | 1 | 40.600 |
| 15.20.6.3 | Vinnsla á fiski, stór | 1 | 75.400 |
| 15.31.0.0 | Vinnsla og pökkun á grænmeti | 0,33 | 9.570 |
| 40.10.0.3 | Virkjanir, 10-50 MW | 0,50 | 63.800 |
| 40.10.0.2 | Virkjanir, 2-10 MW | 0,50 | 49.300 |
| 40.10.0.4 | Virkjanir, stærri en 50 MW | 1,00 | 139.200 |

| **ÍSAT-númer** | **Heiti atvinnugreinar** | **Tíðni – eftirlit/ár** | **Eftirlitsgj. kr.** |
|---|---|---|---|
| 85.11.4.4 | Vistheimili | 0,25 | 7.250 |
| 63.21.0.1 | Vöruflutningamiðstöðvar | 1 | 31.900 |
| 63.21.0.0 | Vöruflutningamiðstöðvar, litlar | 0,5 | 14.500 |
| 93.01.0.0 | Þvottahús og efnalaugar | 0,5 | 17.400 |